

Álfheiður Ingadóttir
heilbrigðisráðherra
Vegmúla 3
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. apríl 2010

Efni: Tilkynning um fyrirhugaða áminningu.


Þegar ég kom heim úr vinnu sl. miðvikudag beið mín bréf, dags. 29. mars 2010, þar sem þú tilkynnir mér fyrirhugaða áminningu fyrir brot í starfi skv. lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem ég hafði leitað ráða hjá ríkisendurskoðanda hinn 9. mars sl. án samráðs við þig eða ráðuneyti þitt.

Framangreint bréf kom mér í opna skjöldu og það leið nokkur tími þar til ég áttaði mig á alvarleika bréfsins. Í framhaldinu hafa ótal spurningar vaknað og vil ég með þessu bréfi deila nokkrum þeirra með þér.

- Getur það raunverulega verið að ég sem forstjóri Sjúkratrygginga Íslands hafi brotið af mér með því að leita ráða hjá ríkisendurskoðanda varðandi fjárhagsleg málefni er varðar stofnunina sem ég er í forsvari fyrir?
- Getur það verið að ef ég leita aftur til ríkisendurskoðanda út af sama máli að þá beri ráðherra að veita mér lausn frá starfi?
- Eru einhver fordæmi fyrir því í íslenskri stjórnslu að ráðherra áminni forstjóra fyrir brot í starfi vegna þess að forstjórinn vildi vanda til verka og vera vel undirbúinn fyrir fund með ráðherra?
- Hvernig get ég starfað sem forstjóri stofnunar með tæplega 100 starfsmenn eftir að ráðherra hefur bréflaga staðfest trúnaðarrest milli sín og mín?
- Er ætlast til þess að bréf ráðherrans fari leynt eða má ég ráðfæra mig við aðra og þar með opinbera innihald þess?
- Er hægt að sannfæra ráðherra um að ég hafi ekki leitað til ríkisendurskoðanda vegna þess að reglugerðinni var ábótavant heldur vegna þess að hún kallaði óhjákvæmilega á útfærslu og nýtt verklag?
- Getur verið að ráðherra líti svo á að ég eigi þátt í fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar á Alþingi um reglugerðina vegna þess að ríkisendurskoðandi upplýsti á fundi fjárlaganefndar Alþingis að ég hafði leitað ráða hjá honum?
- Getur verið að ráðherra viti ekki að starfsmenn SÍ hafa rætt útfærslu reglugerðarinnar á þremur samráðsfundum í ráðuneytinu og þess á milli einstök framkvæmdaratriði við starfsmenn ráðuneytisins?
- Getur verið að ráðherra viti ekki að ég hef verið í stöðugu sambandi við tannlækna og að starfsmenn SÍ hafa fundað með fulltrúum þeirra eftir að reglugerðin var sett til að tryggja samstöðu um skilvirka framkvæmd hennar?
- Er mögulegt að ráðherra sé ókunnugt um að eftir þriggja mánaða stöpp hefur SÍ auglýst nýja gjaldskrá og samstaða náðst um fyrirkomulag endurgreiðslu sjúkratrygginga vegna almennra tannréttinga?
- Getur verið að ráðherra sé ókunnugt um að tannlæknar og allir aðrir sem komið hafa að útfærsluvinnunni eru sammála um mikilvægi þess að vanda til undirbúningsins?
- Getur verið að ráðherra haldi að ég sé að vinna gegn reglugerðinni vegna þess að lögfræðingar hafa haldið því fram að það sé mjög hæpið að ráðherra hafi haft heimild til að setja reglugerðina þar sem hún gengur þvert á ákvæði laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar?

Ég hef enn ekki svör við öllum þessum spurningum. Eftir sem áður er það niðurstaða mín að ég eigi engan annan kost en að leita ráða hjá mér reyndari mönnum, opinbera áform ráðherra svo og þetta bréf og vinna síðan málið áfram fyrir opnum tjöldum. Einungis þannig geti ég sýnt þér og embætti þínu lögboðna hollustu og trúnað. Annað séu ekki góðir starfshættir.

Virðingarfyllt,


Steingrímur A. Arason,
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands